

16. janúar 2020

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Niðurrif á Strandgötu 38

Umsókn um starfsleyfi vegna niðurrifs á Strandgötu 38, 735 Eskifirði 5 barst 20. janúar sl. Umsækjandi var Eskja hf.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 21.1.2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur og rann út þann 18.2.2020.

Óskað var eftir umsögn sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Fjarðabyggðar við starfsleyfistillögunni. Fjallað var um byggingarleyfisumsókn um niðurrif á Strandgötu 38 á fundi eigna-, skipulags og umhverfisnefndar Fjarðabyggðar þann 24.2. sl. og var byggingarleyfisumsóknin samþykkt á fundunum.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir niðurrif á Strandgötu 38 útgefið 26.2.2020.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi